

## AUGLÝSING

### um ásetningshlutfall sauðfjár almanaksárið 2016.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hefur ákveðið, að tillögu framkvæmdanefndar búvörusamninga, að til að hljóta fullar beingreiðslur árið 2016 skuli fjöldi vetrarfóðraðs sauðfjár vera að lágmarki 0,7 á hvert ærgildi greiðslumarks á lögbyli. Ákvörðun þessi nær til framleiðslu almanaksárið 2016. Til að meta hvort skilyrði um lágmarksfjölda vetrarfóðraðs sauðfjár séu uppfyllt skal byggt á haustskýrslum sem sauðfjáreigendur senda Matvælastofnun og þeim upplýsingum sem stofnunin aflar með eftirliti skv. 10. gr. laga nr. 38/2013 um búfjárhald.

Auglýsing þessi er sett með heimild í 3. mgr. 39. gr. búvörulaga nr. 99/1993, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 29. september 2015.*

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

**Ólafur Friðriksson.**

*Rebekka Hilmarsdóttir.*

B-deild – Útgáfud.: 30. september 2015